

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. desember 2012 í máli nr. E-4640/2011:

**Landsbanki Íslands hf.**

*(Jóhannes Sigurðsson hrl.)*

**gegn**

**DZ Bank AG**

*(Sigurður Örn Hilmarsson hdl.)*

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. desember sl., höfðaði Landsbanki Íslands hf. í slitameðferð, Austurstræti 16, Reykjavík, á hendur DZ Bank AG, Platz der Republik, 60265, Frankfurt am Main, Þýskalandi, með stefnu birtri 25. október 2011.

Stefnandi krefst þess aðallega að staðfest verði með dómi riftun á greiðslu Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnláni að fjárhæð 80.500.889 krónur til stefnda hinn 9. október 2008. Jafnframt krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 80.500.889 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2008 til 15. september 2011, en með dráttarvöxtum skv. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að á fjárkröfuna reiknist vextir skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2008 til 15. september 2011, en með dráttarvöxtum skv. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi krefst þess og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins. Stefnandi gerði einnig þá kröfu í greinargerð sinni að málinu yrði vísað frá dómi en með úrskurði, uppkveðnum 24. maí 2012, var þeirri kröfu hafnað.

## II.

### *Málsatvik*

Hinn 25. september 2008 gerðu málsaðilar með sér samning um peningamarkaðsinnlán (Money market deposit). Var um að ræða endurnýjun og framlengingu að hluta á fyrra peningamarkaðsinnláni. Lagði stefndi inn 80.000.000 króna hjá stefnanda þann sama dag og skyldi fjárhæðin bera 16,1% ársvexti. Umsaminn gjalddagi innlánsins var 9. október 2008 og námu umsamdir vextir því samtals 500.889 krónum.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tók Fjármálaeftirlitið 7. október 2008 yfir vald hluthafafundar í stefnanda Landsbanka Íslands hf., vék stjórn hans frá og setti yfir hann skilanevnd. Á grundvelli sömu laga tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að færa tilteknar eignir og skuldbindingar stefnanda inn í nýjan banka, Nýja Landsbanka Íslands hf. (síðar NBI hf. og enn síðar Landsbanki hf.), og tók sá banki til starfa að morgni 9. sama mánaðar. Stefnanda var eftir það veitt heimild til greiðslustöðvunar með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember sama ár. Með lögum nr. 44/2009, þar sem breytt var nokkrum ákvæðum áður nefndra laga, var bankinn síðan tekinn til slita og skyldi upphaf þeirra miðast við 22. apríl 2009, þegar lögin öðluðust gildi. Er frestdagur við slitameðferðina 15. nóvember 2008 skv. III. bráðabirgðaákvæði laganna. Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði 29. apríl 2009 slitastjórn sem annast meðal annars meðferð krafna á hendur bankanum.

Upplýst er í málinu að peningamarkaðsinnlán sem fjármálafyrirtæki höfðu lagt inn hjá stefnanda voru í upphafi færð yfir til Nýja Landsbanka Íslands hf. og að sá banki endurgreiddi stefnda framangreint peningamarkaðsinnlán á gjalddaga hinn 9. október 2008, samtals að fjárhæð 80.500.889 krónur. Með bréfi Fjármálaeftirlitsins til stefnanda, dags. 11. nóvember 2008, var tilkynnt að stjórn þess hefði ákveðið „að áréttu að skuldbindingar vegna slíkra lána frá fjármálafyrirtækjum eru ekki fluttar til Nýja Glitnis banka hf., Nýja Landsbanka hf. (nú NBI hf.) og Nýja Kaupþings banka hf. með þeim ákvörðunum sem um ræðir“. Þá liggur og fyrir bréf eftirlitsins, dags. 21. sama mánaðar, þar sem stofnunin kveðst telja rétt að gera frekari grein fyrir meðferð svokallaðra peningamarkaðslána/innlána við uppskiptingu efnahagsreiknings gömlu bankanna. Kemur þar meðal annars fram að þegar um slík lán sé að ræða hafi verið fylgt þeirri reglu við uppskiptingu bankanna „að litið er á slíkar millifærslur sem innlán, nema þegar gagnadili bankans hefur verið annað fjármálafyrirtæki. Í þeim tilvikum hefur verið litið á slíka millifærslu sem lánveitingu frá fjármálafyrirtæki sem hefur verið skilin eftir í gömlu bönkunum“.

Vegna endurgreiðslu á umræddu peningamarkaðsinnláni sendi slitastjórnin riftunaryfirlýsingu, dags. 15. ágúst 2011, þar sem hún lýsti yfir riftun á greiðslunni til stefnda og gerði kröfu um að stefndi myndi greiða stefnanda stefnufjárhæð málsins. Í yfirlýsingunni kom og fram að riftunin væri byggð á 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

### III.

#### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi kveðst byggja dómkröfur sína á því að uppfyllt séu skilyrði bæði 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991, en bendir á að nægilegt sé til að riftun nái fram að ganga að skilyrði annars hvors þeirra séu uppfyllt.

Samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 sé unnt að krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd hafi verið fjárhæð sem skert hafi greiðslugetu þrotamanns verulega nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Með hliðsjón af fjárhagsstöðu stefnanda þegar greiðsla peningamarkaðsinnlánsins hafi verið innt af hendi sé á því byggt að greiðslan hafi skert greiðslugetu bankans verulega í skilningi tilgreinds ákvæðis. Liggi fyrir að bankinn hafi verið ógjaldfær þegar greiðslan hafi verið innt af hendi og hafi kröfuhöfum því verið mismunað með greiðslunni. Samtals hafi verið greiddar 43.672.201.488 krónur, 280.034 sterlingspund og 40.579.742 bandarískir dalir vegna peningamarkaðsinnlána til fjármálafyrirtækja á tímabilinu 7. október til 19. nóvember 2008. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi ekki haft fjármuni til að greiða hina umdeildu kröfu og kröfur annarra fjármálafyrirtækja vegna þessara innlána. Fjármagna hafi þurft greiðslurnar m.a. með láni frá Seðlabanka Íslands. Ljóst sé að greiðslan til stefnda og sambærilegar greiðslur hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi tilvitnaðrar 134. gr.

Auk þess sé á því byggt, eins og atvikum sé háttað, að skuldin hafi verið greidd fyrr en eðlilegt hafi verið, enda hafi, vegna fjárhagsstöðu bankans og óvissu um efndir skuldbindinga, ekki verið réttmætt að greiða peningamarkaðsinnlánið á þessum degi. Þá hafi greiðslan ekki verið venjuleg eftir atvikum þegar af þeirri ástæðu að kröfuhöfum bankans hafi verið, eða mátt vera, kunnugt um fall hans og ógjaldfærni.

Þegar greiðslan til stefnda hafi verið innt af hendi hafi stefnandi verið ógjaldfær. Hafi bankanum því verið óheimilt að efna aðrar skuldbindingar en nauðsynlegt hafi

verið til að koma í veg fyrir verulegt tjón eða þær sem greiðast myndu við gjaldþrotaskipti. Á þessu tímamarki hafi bankinn hvorki átt laust reiðufé í íslenskum krónum né erlendum gjaldeyri og hafi greiðslan því verið fjármögnuð með lántöku. Bendi stefnandi í þessu sambandi á að á árinu 2008 hafi ástandið á erlendum og íslenskum fjármálamörkuðum farið versnandi og þegar liðið hafi á árið hafi staða stefnanda og margra annarra fjármálafyrirtækja verið orðin mjög alvarleg sökum alþjóðlegrar lausafjárkreppu. Hinn 29. september hafi verið tilkynnt að ríkisstjórn Íslands og helstu hluthafar Glitnis banka hf. (Glitnir) hefðu gert með sér samning um yfirtöku ríkisins á 75% af hlutafé bankans. Hafi með aðgerðinni verið reynt að mæta lausafjárþörf Glitnis þar sem allar leiðir fyrir lánsfjáröflun íslensku bankanna hafi verið lokaðar. Hafi aðgerðin haft í för með sér að virði eignarhluta annarra hluthafa í Glitni hefði rýrnað verulega frá skráðu markaðsvirði. Hafi stærsti eigandi Glitnis, FL Group hf., og fleiri tengdir aðilar verið stórir lántakendur í stefnanda. Ljóst hafi verið að þessi aðgerð myndi hafa veruleg áhrif á stöðu fjármálafyrirtækja í landinu. Á fundi bankaráðs stefnanda hinn 29. september 2008 hafi verið rætt um að ákvörðun ríkisins hefði haft neikvæð áhrif á eigið fé bankans. Einnig hafi komi fram á fundinum að leita þyrfti allra skynsamlegra leiða til að treysta og styrkja eiginfjárstöðu bankans. Hafi á þessum tímamarki legið fyrir að stefnandi uppfyllti ekki kröfur sem til hans væru gerðar um stöðu eiginfjárgrunns bankans. Síðdegis hinn 3. október 2008 hafi Fjármálaeftirlitið í Bretlandi gert kröfu um að stefnandi greiddi 400.000.000 sterlingspunda til Englandsbanka að morgni mánudagsins 6. sama mánaðar til þess að auka við varasjóð vegna Icesave-reikninga í Bretlandi. Á sama tíma hafi Seðlabanki Evrópu tilkynnt breytingar á skilmálum í endurhverfum viðskiptum við stefnanda. Hafi breytingar þessar samanlagt haft í för með sér að lausafjárþörf bankans hafið vaxið um 800.000.000 evra. Á sunnudeginum 5. október 2008 hafi legið fyrir að Seðlabanki Evrópu hefði frestað að gera kröfu um 400.000.000 evra innborgun auk þess sem breska Fjármálaeftirlitið hefði lækkað kröfur sína í 200.000.000 sterlingspunda. Hafi eini möguleiki stefnanda til að fjármagna þessa kröfu eftirlitsins verið að leita til Seðlabanka Íslands um fyrirgreiðslu. Um helgina 4. til 5. október 2008 hafi beiðnir um úttektir af Icesave-reikningum stefnanda í Bretlandi og Hollandi aukist verulega og vegna skorts á erlendum gjaldeyri og hinn 6. sama mánaðar hafi ekki verið unnt að greiða út allar beiðnir um úttektir sem safnast hefðu upp um helgina. Við upphaf viðskipta mánudaginn 6. október hafi svo legið fyrir að Seðlabanki Íslands væri ekki reiðubúinn að lána stefnanda þá fjármuni sem bankinn þyrfti til að geta staðið við skuldbindingar sínar á þessum viðskiptadegi. Hafi bankinn því verið ógjaldfær þann dag. Síðar þann sama dag hafi þáverandi forsætisráðherra tilkynnt opinberlega að yfirvofandi væri hrun bankakerfisins og hin svokölluðu neyðarlög nr. 125/2008 hafi tekið gildi.

Kröfur stefnanda byggist og á því að það hafi verið ótilhlýðilegt í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 að greiða einstökum kröfuhöfum út fjármuni þegar ljóst hafi verið að stefnandi væri ógjaldfær og ljóst mátti vera að viðkomandi greiðsla gæti skert jafnræði kröfuhafa. Þá telji stefnandi að líta verði svo á að kröfuhafar bankans, og þá sérstaklega fjármálafyrirtæki, hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni hans í síðasta lagi frá skipun skilanevndar hinn 7. október 2008. Í ljósi þeirra aðstæðna sem verið hafi á íslenskum fjármálamarkaði þegar greiðslurnar hafi átt sér stað, og þess að stefnandi hafi verið ógjaldfær, hafi ekki verið tilhlýðilegt af stjórnendum stefnanda að greiða upp peningamarkaðsinnlánið.

Með vísan til 142. gr. laga nr. 21/1991 krefjist stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda 80.500.889 krónur með vöxtum. Aðallega sé á því byggt að stefndi skuli greiða vexti skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá því greiðslan hafi verið innt af hendi til upphafs dags dráttarvaxtareiknings þar sem endurheimtukrafa vegna riftunar á grundvelli 141. gr. sé skaðabótakrafa skv. 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Til vara sé byggt á því að stefnda beri að greiða vexti á umræddu tímabili skv. 4. gr. laga nr. 38/2001. Krafan um dráttarvexti miðist við að þeir reiknist á kröfuna mánuði eftir að áskorun um greiðslu hafi verið send til stefnda, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

#### IV.

##### *Málsástæður stefnda*

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að um aðildarskort sé að ræða hjá stefnanda þar sem hin umdeilda greiðsla til stefnda hafi verið innt af hendi af Nýja Landsbanka Íslands hf. Hafi það verið gert í kjölfar yfirtöku nýja bankans á peningamarkaðssjóðsinnlánum frá stefnanda samkvæmt yfirlýsingu Fjármálaeftirlitsins hinn 9. október 2008. Eftir að endurgreiðslan til stefnda hafi átt sér stað þann sama dag virðist sem Fjármálaeftirlitið hafi með sérstöku bréfi sínu, dags. 21. nóvember 2008, „gert frekari grein fyrir“ meðferð peningamarkaðsinnlána. Komi þar fram að stofnunin hefði fylgt þeirri reglu að flokka peningamarkaðsinnlán til innlána nema í þeim tilvikum sem gagnaðili banka hefði verið annað fjármálafyrirtæki en þá ætti að líta á slíkar greiðslur sem lánveitingar frá fjármálafyrirtækjum sem skildar hefðu verið eftir í gömlu bönkunum, þ.e. í þessu tilviki hjá stefnanda. Haldi stefndi því fram að þetta bréf hafi enga þýðingu fyrir málið og feli ekki í sér ákvörðun af neinu tagi. Þá liggi fyrir að bréfið hafi verið sent eftir að umrædd greiðsla hafi verið innt af hendi.

Stefndi vísi til þess að almenn skilyrði riftunar séu ekki uppfyllt í máli þessu. Þannig liggi fyrir að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, en ráða megi af 142. gr. laga nr. 21/1991 að það skilyrði þurfi að vera til staðar svo að riftun geti talist heimil. Stefnandi haldi því sjálfur fram í stefnu að afstaða hans sé sú að peningamarkaðsinnlán séu innstæður og þar með forgangskröfur við slit stefnanda. Þar sem fyrir liggi að forgangskröfur muni greiðast að fullu við slitameðferð varnaraðila sé ljóst að endurgreiðslan hafi ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Þá hafi umrædd ráðstöfun átt sér stað eftir að skilanevnd varnaraðila hafi verið skipuð yfir starfsemi varnaraðila, sem jafna megi við að gjaldþrotaskipti hafi hafist, og verði riftun því ekki beitt með vísan til riftunarreglna gjaldþrotaskiptalaga.

Á því sé byggt að skilyrði 134. gr. laga nr. 21/1991 séu ekki uppfyllt. Þannig sé því mótmælt að hin umdeilda endurgreiðsla hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega enda hafi greiðslugetu hans ekki nema að örlitlu leyti verið varið í umrædda greiðslu. Ljóst sé af upplýsingum stefnanda sjálfs í stefnu að þessi viðskipti aðilanna hafi ekki numið nema 0,2% af þeim peningamarkaðsinnlánum sem greidd hafi verið eftir að skilanefnd stefnanda hafi verið skipuð og ekki numið nema broti af auðseljanlegum eignum og innstæðum stefnanda hjá Seðlabanka Íslands. Hafi greiðslugeta stefnanda því einungis að hluta verið nýtt til þess að greiða umrædd peningamarkaðsinnlán. Opinberar tölur úr árshlutauppgjöri stefnanda frá 30. júní 2008 renni jafnframt stoðum undir þá ályktun. Þannig megi nefna að á þeim tíma hafi eignir og innstæður stefnanda hjá Seðlabanka Íslands numið 27,87 milljörðum króna og útistandandi skammtímakröfur á önnur fyrirtæki numið 260,9 milljörðum króna, eða samtals 288,9 milljörðum króna. Þá hafi Viðskiptablaðið birt upplýsingar frá stefnanda hinn 29. september 2008 þar sem fram hafi komið að lausafjárstaða bankans væri á þeim degi 8,9 milljarðar evra, samanborið við 7,8 milljarða evra hinn 40. júní sama ár.

Þá liggi ljóst fyrir að því skilyrði 134. gr. að greiðslan hafi verið innt af hendi fyrir en eðlilegt hafi verið sé ekki fullnægt. Greiðslan hafi borist stefnda á samningsbundnum gjalddaga innlánsins, sem geti ekki talist of snemmt, og breyti aðstæður í því sambandi engu.

Stefndi byggir og á því að greiðslan hafi virst eðlileg í ljósi aðstæðna. Skipti í því sambandi meðal annars máli að greiðslan hafi verið innt af hendi á gjalddaga innlánsins, eftir að skilanefnd tók yfir rekstur stefnanda. Nýi Landsbanki hafi þá verið stofnaður og Fjármálaeftirlitið tekið ákvörðun sína hinn 9. október 2008 um að innlán frá fjármálafyrirtækjum og öðrum viðskiptavinum væru yfirtekin af þeim banka. Staðfesti þessar forsendur að endurgreiðslan hafi virst eðlileg í ljósi aðstæðna. Endurgreiðslan hafi og virst eðlileg í ljósi þess að stefndi hefði fengið úthlutun að fullu við slitameðferðina ef hún hefði ekki verið innt af hendi og þess að hún hafi verið framkvæmd eftir að bankinn hafi verið kominn undir stjórn skilanefndar.

Loks telji stefndi, vegna skilyrða tilvitnaðrar 1. mgr. 134. gr., að virða verði margvíslegar réttmætar væntingar hans í máli þessu. Snúi þær meðal annars að því að ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008, um yfirtöku Nýja Landsbanka Íslands hf. á láni stefnda, yrði ekki breytt með afturvirkum hætti, enda myndi það brjóta gegn jafnræðisreglu og leiða til mismununar kröfuhafa. Þá verði og að virða þær réttmætu væntingar stefnda að endurgreiðslan til hans hafi verið gild, sérstaklega í ljósi þess að stefnandi hafi á þeim tíma lotið stjórn skilanefndarmanna, sem séu opinberir sýslunarmenn.

Stefndi haldi því og fram að skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 fyrir riftun séu ekki uppfyllt. Endurgreiðslan sem deilt sé um hafi ekki verið stefnda til hagsbóta á ótilhlýðilegan hátt á kostnað annarra kröfuhafa. Hún hafi hvorki komið í veg fyrir heimtur til kröfuhafa úr búi stefnanda né aukið skuldbindingar hans á kostnað kröfuhafa. Haldi stefndi því fram að stefnandi hafi verið fær um að standa við skuldbindingar sínar í íslenskum krónum, ráðstöfunin sem um sé deilt hafi ekki leitt til gjaldþrots bankans og stefndi hafi hvorki haft vitneskju um né átt að hafa vitneskju um gjaldþrotið. Skilyrðið um að ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg sé ekki uppfyllt og stefndi leggi áherslu á að hann hafi ekki búið yfir vitneskju um og hefði ekki mátt vita um skilyrði sem mögulega hefðu valdið því að greiðslan teldist vera ótilhlýðileg. Vísi stefndi hvað þetta varði einnig til þeirra röksemda sem áður hafi verið raktar.

Kröfu stefnanda um vexti sé mótmælt, meðal annars með vísan til þess að ákvæði laga sem stefnandi vísi til heimili honum ekki að innheimta nokkurs konar vexti frá 9. október 2008.

V.

#### *Niðurstaða*

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að um aðildarskort sé að ræða þar sem fyrir liggir að stefnandi hafi ekki innt umdeilda endurgreiðslu peningamarkaðssjóðsinnláns af hendi til stefnda heldur hafi hún borist frá Nýja Landsbanka Íslands hf., nú Landsbanka hf. Eins og áður hefur verið lýst tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun hinn 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf. Í 7. tl. þeirrar ákvörðunar kemur m.a. fram að Nýi Landsbanki Íslands hf. yfirtaki skuldbindingar í útibúum stefnanda á Íslandi vegna innlána frá fjármálafyrirtækjum, Seðlabanka Íslands og öðrum viðskiptavinum. Ekki sýnist um það deilt að Nýi Landsbanki hf. hafi á grundvelli þessarar ákvörðunar yfirtekið umdeilt innlán frá stefnda 9. október 2008 og endurgreitt það á gjalddaga þess þann sama dag. Af fyrirliggjandi bréfi Fjármálaeftirlitsins til stefnanda, dags. 11. nóvember sama ár, og bréfi stofnunarinnar til allra er málið varðar, dags. 21. sama mánaðar, verður ráðið að stofnunin telur sig þurfa að „árétta“ og rökstyðja frekar að skuldbindingar vegna peningamarkaðsinnlána frá fjármálafyrirtækjum hafi ekki átt að flytjast til nýju bankanna, þar á meðal Nýja Landsbanka hf., með framangreindri ákvörðun stofnunarinnar hinn 9. október 2008.

Í fyrirliggjandi yfirlýsingu Deloitte ehf. vegna uppgjors á peningamarkaðssjóðsinnlánum milli Landsbanka Íslands hf. og Nýja Landsbanka Íslands hf., dags. 29. ágúst 2012, kemur fram að sérfræðingar fyrirtækisins hafi unnið að því, í umboði Fjármálaeftirlitsins, að skipta efnahagsreikningi stefnanda milli Nýja Landsbanka Íslands hf. og þess gamla og farið eftir forskrift

Fjármálaeftirlitsins á því hvaða eignir ættu að yfirfærast til nýja bankans. Þá kemur fram í yfirlýsingunni: „Til að jafna muninn á milli eigna og skulda sem NBI tók yfir gaf hann út skuldabréf fyrir mismuninum til LBI. Þar sem NBI hafði greitt hluta af umræddum peningamarkaðsinnlánum eftir skiptinguna þann 9. október 2008 leiddi það til þess að útgefið skuldabréf NBI til LBI er lægra sem nemur þessum greiðslum. LBI fékk því minna af eignum í sinn hlut við skiptinguna en hefði orðið ef umrædd peningamarkaðslán hefðu ekki verið greidd eins og FME hafði ráðgert í ákvörðunum sínum.“ Af framangreindu leiðir að sú ráðstöfun Nýja Landsbanka Íslands hf. að endurgreiða umrædda skuld til stefnda á þeim tíma hafði í för með sér skuldaaukningu fyrir stefnanda sem nam endurgreiðslufjárhæðinni. Verður því að líta svo á að stefnandi sé réttur aðili til að setja fram þá kröfu á hendur stefnda sem mál þetta snýst um.

Krafa stefnanda byggist á því að umrædd endurgreiðsla til stefnda sé riftanleg á grundvelli 1. mgr. 134. gr. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Samkvæmt 1. mgr. 134. gr. er unnt að krefjast riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem skert hefur greiðslugetu þrotamanns verulega nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Vísar stefnandi til þess að greiðslan hafi verið innt af hendi fyrr en eðlilegt var, hún hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega og hafi ekki getað virst venjuleg eftir atvikum. Séu því uppfyllt skilyrði ákvæðisins um riftun greiðslunnar. Varnaraðili telur hins vegar að ekkert þessara skilyrða sé fyrir hendi. Ekki er hins vegar um það deilt að greiðslan hafi verið innt af hendi innan þeirra tímamarka sem ákvæðið mælir fyrir um og að greiðslueyrir hafi verið venjulegur.

Fyrir liggur að umrædd greiðsla var innt af hendi á umsömdum gjalddaga peningamarkaðsinnlánsins hinn 9. október 2008. Þrátt fyrir það þykir hér verða til þess að horfa að þótt í 100. gr. a laga nr. 161/2002, eins og hún hljóðaði samkvæmt 5. gr. laga nr. 125/2008, hafi ekki verið mælt fyrir um sérstaka málsmeðferð í framhaldi af ákvörðun eins og þeirri, sem Fjármálaeftirlitið tók um sóknaraðila 7. október 2008, voru öll málefni hans þá sett undir skilaneftnd, sem skipuð var í skjóli opinbers valds og hlaut samkvæmt heiti sínu að hafa verið ætlað að leggja drög að aðgerðum til skuldaskila sóknaraðila. Verður því að líta svo á að á tímabilinu frá 7. október 2008 og þar til formleg slitameðferð hófst á grundvelli laga nr. 44/2009 hinn 22. apríl 2009 hafi sóknaraðili verið í aðstöðu, sem að hluta til má leggja að jöfnu við að hafin væru gjaldþrotaskipti á búi hans. Með tilliti til þeirrar grundvallarreglu laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991 er lýtur að jafnrétti kröfuhafa verður hér við það að miða að greiðsla á skuld stefnanda á þessu tímabili teljist innt af hendi fyrr en eðlilegt var, enda verður ekki séð, með hliðsjón af þeim aðdraganda ráðstöfunarinnar sem að framan getur, að skilaneftnd stefnanda hafi áður veitt samþykki sitt fyrir henni. Samkvæmt framansögðu er fullnægt skilyrðum 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 til að rifta umræddri greiðslu til stefnda hinn 9. október 2008, enda verður því ákvæði beitt jöfnum höndum á tímabilinu eftir

yfirtöku skilaneftndar á rekstri stefnanda sem fyrir það tímamark.

Samkvæmt framansögðu er fallist á að rifta eigi umræddri greiðslu til stefnda með vísan til 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 og að honum beri, með vísan til 142. gr. sömu laga, að endurgreiða stefnanda umkrafða fjárhæð með vöxtum eins og segir í dómsorði.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað svo sem getur í dómsorði.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Dómsorð:**

Rift er greiðslu stefnanda, Landsbanka Íslands hf., til stefnda, DZ Bank AG, á peningamarkaðsinnláni að fjárhæð 80.500.889 krónur hinn 9. október 2008.

Stefndi greiði stefnanda 80.500.889 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. september 2011 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon